

Fagráð í hrossarækt

91. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudaginn 19 desember 2019 kl. 11:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Gunnar Kristinn Eiríksson, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir, Siguroddur Pétursson og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir komst ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Appfengur - kynning
3. Afkvæmaverðlaun stóðhesta
4. LM 2020 – umræða
5. Sýningaráætlun 2020
6. Vallargjöld – erindi frá staðarhöldurum
7. Umsóknir í Stofnverndarsjóð

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Eigendur snjall forritsins AppFengur, Nanna Kristjánsdóttir og Cilles Tasse, komu inn á fundinn og kynntu þróun þess. Þau fengu styrk úr Stofnverndarsjóði til að þróa AppFenginn árið 2018. AppFengur er snjall forrit sem nær í upplýsingar í WorldFeng þannig að notendur geti með auðveldari hætti nálgast upplýsingar í snjalltækjum, þar geta þeir skoðað WorldFeng, fengið mótaniðurstöður fram, leitað eftir hrossum, skannað örmerki með þráðlausum örmerkjaskanna og fleira. Styrkurinn úr Stofnverndarsjóði snéri að því að þróa í AppFeng lausn fyrir dýralækna að skrá með rafrænum hætti allar sónarskoðanir hryssna og í raun fyllt út fyljunarvottorð og stóðhestaskýrslur með auðveldum hætti á staðnum þar sem sónarskoðun fer fram. Þetta á að auka upplýsingar um frjósemi stofnsins til framtíðar og auka á öryggi gagnanna. Þetta mun einnig bjóða upp á auðveldari lausn á öllum skráningum dýralækna; lyfjaskráningum, aðgerðaskráningum o.s.frv. Markmiðið er að með þessari lausn fáum við betri yfirsýn yfir tíðni erfðagalla í stofninum (s.s. spatt, eineistni..). Þróun AppFengs hefur gengið vel að undanfögnu og eru rafrænar skráningar á sónarskoðunum tilbúnar.
3. Afkvæmaverðlaun stóðhesta – Á aðalfundi FEIF 2018 voru settar alþjóðlegar reglur um hvaða verðlaunastig afkvæmahrossa í öllum löndum FEIF birtast í WorldFeng og var miðað við reglur Íslands um verðlaunastig fyrir afkvæmahross. Hvað stóðhestana varðar eru nú sömu viðmið alls staðar í FEIF löndunum; 118 stig og 15 dæmd afkvæmi til fyrstu verðlauna og 118 stig og 50 dæmd afkvæmi til heiðursverðlauna. Eini munurinn eins og staðan er núna er að ekki eru gerðar kröfur erlendis um að stóðhestarnar séu sýndir með afkvæmum á stórmótum til að hljóta verðlaunin eins og gert er hér á landi. Það þótti ekki raunhæft að gera þá kröfu erlendis þar sem afkvæmi hestanna gætu verið í fleiri en einu landi og því afar erfitt að koma afkvæmasýningu við. Það sem var rætt á fundinum var sú hugmynd hvort gera eigi sýningu á

afkvæmum stóðhestanna á stórmótum valkvæða; upplýsingarnar færu inn í Worldfeng um leið og stóðhesturinn nær fyrrgreindum verðlaunastigum en eigandinn geti ákveðið sjálfur hvort hann stilli upp hópi afkvæma á Lands- eða Fjórðungsmótum. Að mæta með hóp á stórmót myndi engu að síður vera skilyrði verðlauna (t.d. yrði handhafi Sleipnisbikars að mæta með hóp á Landsmót). Þessi hugmynd var samþykkt á fundinum.

4. Farið var yfir fyrirkomulag á vali kynbótahrossa á næsta landsmót, t.d. hversu mörg hross eiga að vera í hverjum flokki. Einnig þarf að skoða fyrirkomulagið hvað varðar val á klárhrossum inn á mótið. Í nokkur ár hefur verið bætt við 10 stigum á aðaleinkunn klárhrossa í röðun inn á mótið til að auka líkur á sýningu úrvals klárhrossa á mótunum. Ef farið verður að reikna sérstaklega fjörgangseinkunn fyrir öll hross (en tillaga þess efnis liggur fyrir aðalfundi FEIF sem verður síðustu helgi janúar) liggur kannski beinast við að velja þá einhvern ákveðin fjölda hrossa eftir fimmgangseinkunn og ákveðin fjölda eftir hrossa eftir fjörgangseinkunn í hverjum flokki. Var rætt hvort hlutfallið ætti að vera 75% eftir fimmgangseinkunn og 25% eftir fjörgangseinkunn. Engin ákvörðun var tekin að sinni og henni frestað fram að næsta fundi.
5. Sýningaráætlun 2020 – Farið var yfir drög að sýningaráætlun fyrir árið sem Þorvaldur lagði fram og var hún samþykkt. Hún er eftirfarandi:

Staðsetning	Upphafsdagur	Lokad. yfirl.
Hafnarfjörður I	25.5.2020	29.5.2020
Selfoss	25.5.2020	29.5.2020
Akureyri	25.5.2020	29.5.2020
Stekkhólmi	2.6.2020	5.6.2020
Sprettur	2.6.2020	5.6.2020
Hella I	2.6.2020	5.6.2020
Hella II	8.6.2020	12.6.2020
Hólar I	8.6.2020	12.6.2020
Hafnarfjörður II	8.6.2020	12.6.2020
Víðidalur	15.6.2020	19.6.2020
Hafnarfjörður III	15.6.2020	19.6.2020
Hólar II	15.6.2020	19.6.2020
Hella III	15.6.2020	19.6.2020
LM-Hella	6.7.2020	12.7.2020
Miðs.-Akureyri	20.7.2020	24.7.2020
Miðs. Selfoss	20.7.2020	24.7.2020
Síðs. Hella	17.8.2020	21.8.2020
Síðs. Hólar	17.8.2020	21.8.2020
Síðs. Hafnarfjörður	17.8.2020	21.8.2020

6. Vallargjöld, erindi frá staðarhöldurum – Erindi barst fagraði frá flestum þeim staðarhöldurum um landið þar sem kynbótasýningar eru haldnar um hækkun á vallargjöldum. Vallargjald fyrir fullnaðardæmt hross er nú kr. 2.210,- en vallargjöldin voru síðast hækkuð árið 2012. Fagrað var sammála staðarhöldurum um að hækkun á

vallargjöldum væri tímabær en vísaði erindinu til Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sem heldur allar kynbótasýningar og ákvarðar sýningargjöldin.

7. Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 12 milljónir króna. Sveinn Ragnarsson vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknar b), Þorvaldur vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknar h) og Sveinn Steinarsson vék af fundi er kom að afgreiðslu umsóknar a). Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

a) Áskorunartilraun: prófun á forvarnarbóluefni gegn sumarexemi í útfluttum hrossum – Vilhjálmur Svansson, Tilraunastöð H.Í. í meinafræði að Keldum.

Sótt um: kr. 6.345.000,-

Samþykkt: kr. 5.600.000,-

b) Burðargeta íslenskra reiðhrossa – Háskólinn á Hólum og sænski landbúnaðarháskólinn SLU.

Sótt um: kr. 3.000.000,-

Samþykkt: kr. 3.000.000,-

c) Varðveisla og rannsóknir á stóði að Botnum í Meðallandi – Freyja Imsland og Páll Imsland.

Sótt um: kr. 3.500.000,-

Hafnað. Umsókninni var hafnað en vilyrði var gefið fyrir styrk til söfnunar á erfðaeefni úr hrossunum.

d) AppFengur, áframhaldandi þróun – Nanna K. Kristjánsdóttir, Rusticity.

Sótt um: kr. 1.300.000,-

Samþykkt: kr. 800.000,-

e) Gagnagátt íslenska hestsins – Gísli Geir Gylfason.

Sótt um: kr. 7.953.000,-

Hafnað.

f) Spatt í íslenskum hestum frá víkingaöld – Jón Hallsteinn Hallsson og Albína Hulda Pálsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Sótt um: kr. 1.400.000,-

Hafnað.

g) Erfðarannsókn á litförotta litnum – Páll Imsland, Kristinn Guðnason og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson.

Sótt um: kr. 316.050,-

Hafnað.

h) Þróun ræktunarmarkmiðs í íslenskri hrossarækt - Framhaldsumsókn – Þorvaldur Kristjánsson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Sótt um: kr. 500.000,-

Samþykkt: kr. 500.000,-

Umsókn barst sjóðnum frá Baldri Eiðssyni sem er eigandi stóðhestsins Ellerts frá Baldurshaga en hann er ýruskjóttur, var sýndur í kynbótadómi síðastliðið sumar og

hlaut fyrstu verðlaun. Á fundi fagraðs í desember 2018 var ákveðið að verðlauna tvo fyrstu litföróttu stóðhestana og tvo fyrstu ýruskjóttu stóðhestanna sem ná fyrstu verðlaunum í framtíðinni. Hver hestur hlýtur 500 þúsund krónur á núvirði í verðlaun en 200 þúsund krónum verður varið til að endurgreiða sýningargjöld litföróttra og ýruskjóttra hrossa. Þau skilyrði eru fyrir styrknum að hrossin séu staðsett á Íslandi og að stóðhesturinn sem hlýtur fyrstu verðlaun sé laus við spatt og hafi ekki eistnagalla. Ellert frá Baldurshaga uppfyllir öll skilyrði og var samþykkt að veita Baldri Eiðssyni styrk, kr. 500.000,- og að auki endurgreiðslu á sýningargjaldi, kr. 26.000,-.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:30

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson